

## REGLUGERÐ

**um (8.) breytingu á reglugerð nr. 674/2017 um heilbrigðisreglur  
að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir  
sem ekki eru ætlaðar til manneldis.**

### 1. gr.

Við 1. gr. reglugerðarinnar bætast fimm nýir töluliðir, 19., 20., 21., 22. og 23. tölul., svohljóðandi:

19. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/207 frá 14. febrúar 2020 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 142/2011 að því er varðar innflutning á gæludýrafóðri frá Sáadi-Arabíu. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 177/2020, frá 11. desember 2020. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 7, frá 28. janúar 2021, bls. 455.
20. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/735 frá 2. júní 2020 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 142/2011 að því er varðar notkun kjöt- og beinamjòls sem eldsneyti í brennsluverum. Reglugerðin var felld inn EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 178/2020, frá 11. desember 2020. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 7, frá 28. janúar 2021, bls. 458.
21. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/757 frá 8. júní 2020 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 142/2011 að því er varðar rekjanleika tiltekinna aukaafurða úr dýrum og afleiddra afurða. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 178/2020, frá 11. desember 2020. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 7, frá 28. janúar 2021, bls. 462.
22. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/762 frá 9. júní 2020 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 142/2011 að því er varðar örverufræðilega staðla fyrir hrátt gæludýrafóður, kröfur varðandi samþykkt fyrirtæki, tæknilegar vinnslubreytur sem gilda um staðgönguaðferðina Brookes-gösun og vatnsrof bræddrar fitu og útflutning á unnum húsdýraáburði og tilteknum tegundum blóðs, blóðafurða og millistigsafurða. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 178/2020, frá 11. desember 2020. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 7, frá 28. janúar 2021, bls. 465.
23. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/797 frá 17. júní 2020 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 142/2011 að því er varðar kröfur vegna aukaafurða úr dýrum og afleiddra afurða sem eru upprunnar í Sambandinu og fara þangað aftur eftir að þriðja land hefur synjað um innflutning. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 178/2020, frá 11. desember 2020. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 7, frá 28. janúar 2021, bls. 470.

### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 13. og 29. gr. a laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim og 7. gr. laga nr. 22/1994, um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru og 31. gr. a laga nr. 93/1995, um matvæli, öll með síðari breytingum.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 11. febrúar 2021.*

**Kristján Þór Júlíusson**  
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

*Iðunn Guðjónsdóttir.*